

Skólaráðsfundur

Mættir eru: Linda (ritari), Hanna, Sigga, Kristín, Valborg, Guðlaug, Sigurbjörn, Íris

Nýir fulltrúar í skólaráði eru Hanna í 10. bekk, Stína í 9. bekk og Sigurbjörn sem fulltrúi foreldra. Á fundinn vantar einn fulltrúa samfélagsins.

Fundurinn byrjaði á að kynna hlutverk okkar í Skólaráði og bjóða nýja fulltrúa velkomna. Handbók um Skólaráð lögð fram og hafði einnig verið send í tölvupósti áður.

Næsti fundur er 26. janúar og svo var búið að setja niður fund 27. apríl. Þurfum að bæta einum fundi við með stjórn foreldrafélagsins. Fyrirhugað að hafa þann fund 14. mars kl. 15:00 – 16:30.

Enn vantar fólk í stjórn foreldrafélagsins. Einungis tveir skráðir en æskilegast að hafa 5-6 fulltrúa. Einnig var settur fundur um nemendamál 23. febrúar kl. 8:10. Þá verða Hanna og Stína búnar að labba í bekkina og fá frá þeim mál sem má ræða. Einnig var rætt um að hafa einn fund á skólatíma þar sem allir fulltrúar ásamt stjórn foreldrafélagsins væri boðið að gang um skólann, fá okkur hádegismat hérna í mötuneytinu og ræða síðan saman um skólastarfið.

Skoðuðum og ræddum niðurstöður úr samræmdum prófum. Ræddum einnig áherslur skólanas og upplifun nemenda af skólastarfinu. Hanna talaði um að henni fannst vera frekar mikið af kaflaprófum og segir sína upplifun af spurningakeppnum og samvinnuverkefnum o.f.l. skila betri árangri.

Fulltrúar nemenda komu með góðar hugmyndir varðandi frímínútur unglínganna, t.d. að gaman væri að geta fengið lánuð spil til að hafa meira við að vera, einnig var rætt um möguleika á að spila tónlist og fá til þess sérstaka hátalara. Nemendur ræddu einnig um að það væri mikilvægt að fá fræðslu fyrir nemendur um ólíka menningu og bentu á að þeim fyndist oft þekkingaleysi hjá krökkunum sem kæmi fram í virðingarleysi gagnvart erlendu fólki. Þeir bentu á að kennarar þyrftu að ræða þetta meira við nemendur og að einnig væri gott að fá góða fræðslu fyrir alla nemendur. Fulltrúar nemenda óskuðu eftir því að mötuneytið kæmi til móts við þá sem ekki borða kjöt með því að bjóða upp á annað fyrir þá þegar kjöt væri í matinn, t.d. ef það væri pasta að þá mætti vera sósa með engu kjöti. Þeir ræddu einnig um að gott væri að hafa hugmyndakassa við mötuneytið þar sem nemendur gæti sett í hugmyndir varðandi matinn.

Fundurinn byrjaði klukkan 8:15 og var lokið klukkan 9:30.